

# LÖGMANNABLAÐIÐ

1911 - 85 ÁRA - 1996

2. árg.

Desember

5 / 1996

Um aga- og eftirlitsvald með lögmönnum  
Lögmannafélag Íslands 1911-1996 : Ritgerðasamkeppni

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna 1996

Hugtakið "nákomnir" í gjaldþrotaskiptalögum

Af vettvangi stjórnar og nefnda L.M.F.Í.

IBA-ráðstefna 21.-26. október 1996

Áfrýjun einkamála - nokkur minnisatriði

Áfrýjun opinberra mála - nokkur minnisatriði

Nýtt rit: Gagnaöflun í forsjármálum

Frá laganefnd L.M.F.Í.

Um málaskrá Hæstaréttar o.fl.

Auka-aðalfundur 15. desember 1944

Af Merði lögmanni

Merki L.M.F.Í.

Knattspyrna innan L.M.F.Í.

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Marteinn Músson

Ritnefnd:

Árni Vilhjálmsson, hrl.

Ástráður Haraldsson, hrl.

Björn L. Bergsson, hdl.

Jón G. Briem, hrl.

Sif Konráðsdóttir, hdl.

*Um aga-  
og  
eftirlitsvald*

—  
*Bls. 3*

*Ritgerðar-  
samkeppni*

—  
*Bls. 5*

*Um málaskrá  
Hæstaréttar  
o.fl.*

—  
*Bls. 16*

# HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást effirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	
1930	550.-	1975	500.-	
1931-1932	500.-	1976	500.-	
1933	500.-	1977	500.-	
1934	500.-	1978	500.-	
1935	500.-	1979	500.-	
1936	500.-	1980	700.-	tvö bindi
1937	500.-	1981	800.-	eitt bindi
1938	500.-	1982	900.-	tvö bindi
1939	500.-	1983	1000.-	tvö bindi
1940	500.-	1984	1200.-	tvö bindi
1941	500.-	1985	1400.-	tvö bindi
1942	500.-	1986	1800.-	tvö bindi
1943	500.-	1987	2400.-	tvö bindi
1944	500.-	1988	3000.-	tvö bindi
1945	500.-	1989	3600.-	tvö bindi
1946 ljp	800.-	1990	4500.-	tvö bindi
1966	500.-	1991	5000.-	tvö bindi
1967	500.-	1992	6000.-	þrjú bindi
1968	500.-	1993	6600.-	þrjú bindi
1969	500.-	1994	8800.-	fjögur bindi
1970	500.-	1995	8800.-	fjögur bindi
1971	500.-			

50% afsláttur til laganema

*Pórunn Guðmundsdóttir, brl.*

## Um aga- og eftirlitsvald með lögmonnum

Í tengslum við þær umræður, sem átt hafa sér stað um drög að frumvarpi til laga um lögmen, hefur mönnum verið tíðrætt um aga- og eftirlitsvald með lögmonnum. Í frumvarpsdrögunum, sem dómsmálaráðherra hefur kynnt í ríkisstjórninni, er gert ráð fyrir að aga- og eftirlitsvaldið færst til dómsmálaráðuneytisins, eftirlitsvaldið verði í höndum ráðherra, sbr. 12. gr. frumvarpsins, en agavaldið verði í höndum nefndar, sem verði undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, m.ö.o. að ráðherra skipi nefndina. Í frumvarpsdrögunum, sem nefnd á vegum L.M.F.Í. samdi, er gert ráð fyrir því að eftirlitsvaldið verði í höndum stjórnar



*Pórunn Guðmundsdóttir, brl.*

L.M.F.Í. og að sérstakt Úrskurðarráð á vegum félagsins, sem í eigi sæti bæði lögmen og utanfélagsmen, fari með meðferð kær- og ágreiningsmála.

Fyrsta spurningin sem kann að vakna í þessu sambandi er: af hverju þarf eitthvert sérstakt aga- og eftirlitsvald með lögmonnum? Eru lögmen svo gersamlega óalandi og óferjandi að það þurfi að hafa einhvern sérstakan aga á þeim og eitthvert sérstakt eftirlit? Við höfum dómstóla í landinu, sem allir geta leitað til, þegar þeir telja einhvern brjóta á sér. Ef lögmaður brýtur á skjólstæðingi sínum þá gæti skjólstæðingurinn einfaldlega leitað til dómstólanna og fengið þar úrlausn mála sinna, rétt eins og ef pípuþingarmaðurinn, sem gerði við ofnana í húsi manns, hefði gert einhver mistök o.s.frv. Því er til að svara að lögmen gegna ákveðnu opinberu hlutverki, lögmen eru opinberir sýslunarmenn. Lögmen eru hluti af réttarkerfinu og eru starfsmenn dómstólanna rétt eins og t.d. dómarnir. Þar sem lögmen gegna ákveðnu opinberu hlutverki eru gerðar ákveðnar kröfur til lögmannna. Vegna þessarar stöðu lögmannna í þjóðfélaginu er eðlilegt að aga- og eftirlitsvaldinu sé komið fyrir með ákveðnum hætti. Það er eðlilegt, að þeir skjólstæðingar lög-

manns, sem telja að hann hafi brotið á þeim, eigi þess kost að fara ódýrari og fljótarnari leið en dómstólaleiðina. Það væri t.d. í hæsta máta óeðlilegt að skjólstæðingur lögmanns þyrfti að fara í dýrt dómsmál vegna þess að hann teldi að svipta ætti lögmanninn málflutningsréttindum.

Með vísan til ofanritaðs tel ég best að aga- og eftirlitsvaldi með lögmonnum sé komið fyrir í höndum sérstaks stjórnvalds. Ég tel hins vegar af og frá að það eigi að vera í höndum stjórnvalds, sem sé undir skipunarvaldi ráðherra. Það tel ég ógnun við sjálfstæði lögmannastéttarinnar. Svo sem áður sagði gegna lögmen mikilvægu hlutverki í réttarkerfinu. Það er mikilvægt að lögmen séu sjálfstæðir og óháðir, rétt eins og það er mikilvægt að dómarnir séu sjálfstæðir og óháðir. Það má enginn eiga ítök í lögmanninum. Lögmaðurinn er oft á tíðum sá eini sem stendur milli sakaðs manns og ríkisvaldsins, sem vill fá hann dæmdan. Það gengur því ekki að ríkisvaldið eigi ítök í lögmanninum. Sumir telja þetta vera mannréttindakjafaðei, Ísland sé ekki einræðisríki, þar sem mannréttindabrot eru daglegt brauð. Lögmen á Íslandi hafa hingað til ekki fengið tækifæri til að láta taka sig af lífi fyrir þann málstað sem þeir eru að verja. Það kann því að sýnast óþarft að vernda sjálfstæði lögmannna. Það er alveg rétt að lögmannastéttin hefur ekki sætt neinum sérstökum ofsóknum hér á landi. Það þýðir hins vegar ekki að við eigum að sofa á verðinum. Þá er hætt á að eftirlitsnefnd ráðherra verði pólitískt skipuð. Sú staðreynd að dómsmálaráðherra hefur þetta formlega vald

### Lögmannafélag Íslands

Alftamýri 9, 108 Reykjavík  
sími (telephone): 568-5620  
bréfsími (telefax): 568-7057  
tölvupóstur (E-mail): lmf@tv.is

#### Stjórn L.M.F.Í.

Pórunn Guðmundsdóttir, brl.,  
formaður  
Sigurmar K. Albertsson, brl.,  
varaformaður  
Jakob R. Möller, brl.,  
ritari  
Kristín Briem, hdl.,  
gjaldkeri  
Hreinn Loftsson, brl.,  
meðstjórnandi

#### Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson,  
framkvæmdastjóri  
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:

kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Prentun: Borgarprent h.f.

Umsjón auglýsinga:

Öflun ehf., sími 561-4440



gerir það að verkum að þetta er ógnun við sjálfstæði stéttarinnar. Rétt eins og það, að dómsmálaráðherra hafði formlegt vald til að ráða og reka dómarafulltrúa, gerði það að verkum að þeir gátu ekki talist sjálfstæðir og óháðir dómara, svo vitnað sé til dóms Hæstaréttar í dómarafulltrúamálinu svokallaða (hrd. 1995, bls. 1444).

Með vísan til alls framanritaðs tel ég að aga- og eftirlitsvaldinu sé best komið í höndum Lögmannafélagsins. Þannig er því fyrir komið í

öllum löndum Evrópu, að einu frá-töldu. Þannig er sjálfstæði stéttarinnar best tryggt. Ég tel þó rétt að greina milli eftirlitshlutverksins, sem eins og fyrir greinir yrði í höndum stjórnar L.M.F.Í., sbr. 12. gr. frumvarpsdraganna, og aga-valdsins, sem fært yrði til sérstakrar siðanefndar, Úrskurðarráðs. Í frumvarpsdrögum Lögmannafélagsins er gert ráð fyrir því að Úrskurðarráðið verði skipað bæði innan- og utanfélagsmönnum. Stjórn L.M.F.Í. hefur oft sætt gagn-


rýni fyrir það að hafa eftirlit með kollegum sínum og því ekki tekið málefnalega á málunum. Stjórnin hefur legið undir því á mæli að hún hlífi kollegum sínum um of. Stjórnin hefur reyndar einnig verið gagnrýnd fyrir að taka of hart á málum lögmannna, til þess að sanna það fyrir sjálfri sér og öðrum að tekið sé hlutlægt á málunum. Því var sú leið farin í frumvarpsdrögum L.M.F.Í. að utanfélagsmenn verði teknir inn í Úrskurðarráðið.

### Frá ritstjóra:

## Lögmannablaðið í eitt ár

Fyrir ári síðan kom út fyrsta tölublað Lögmannablaðsins. Markmiðið með útgáfu þessa félagsblaðs L.M.F.Í. var og er að vera vettvangur fyrir stjórn félagsins og lögmenntil að fjalla um störf lögmannna, réttindi þeirra og skyldur, svo og störf og hlutverk stjórnarinnar og ýmissa nefnda félagsins.

Við útgáfu blaðsins hafa ritnefnd og ritstjóri reynt að afla sem víðast fanga og hvatt félagsmenn sem og utanfélagsmenn til að rita greinar um áhugaverð efni. Hefur efnisöflunin að sumu leyti gengið vel og hafa allmargir lagt þar hönd á plóginn. Hinu er ekki að neita að margir þeirra, sem leitað hefur verið til, hafa talið sig frá litlu hafa að segja eða miklað fyrir sér ritstörf. Sá kvíði ætti þó að vera ástæðulaus. Í raun hafa sumir efnishöfundar uppgötvað að tiltölulega auðvelt er að skrifa í blaðið stuttar greinar um t.d. nýfallna hæstaréttardóma eða nýútkomin rit um lögfræðileg efni eða




Marteinn Mátsson, ritstjóri

þannig áhugavert og fjölbreytt að félagsmenn sjálfir skrifi í það.

Til að standa undir kostnaði við útgáfuna hefur verið selt auglýsingapláss í blaðinu. Þótt upplagið sé e.t.v. ekki mjög stórt, a.m.k. ekki samanborið við mörg önnur félagsblöð fjölmennari stétta, er blaðið þó að sumu leyti hentugur auglýsingamiðill, þar sem það nær til allrar lögmannastéttarinnar og auk þess lögfræðinga hjá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum, sem blaðið fá.

Að liðnu þessa fyrsta ári útgáfunnar mun staða hennar verða skoðuð og metið hvernig til hefur tekist og hvort ástæða sé til að halda áfram á sömu braut eða gera breytingar. Í því sambandi væri gott að fá viðbrögð frá félagsmönnum um hvaða skoðun þeir hafa á þessari útgáfu. Gefst lögmonnum væntanlega kostur á að tjá sig að þess leyti í viðhorfsskönnunum, sem fyrirhugað er að gera á næstunni meðal þeirra.



# Lögmannafélag Íslands

## 1911-1996

### Ritgerðarsamkeppni

Þann 11. desember árið 1911 var stofnað Málflutningsmannafélag Íslands, sem árið 1944 hlaut heitið Lögmannafélag Íslands. Félagið verður því 85 ára gamalt 11. desember n.k. Af því tilefni hefur verið ákveðið að efna til ritgerðarsamkeppni um þrjú fyrirfram valin efni, er öll tengjast stöðu og störfum lögmannna í þjóðfélaginu. Samkeppnin er opin öllum þeim, er áhuga hafa. Ritgerðarefnin eru þessi:

#### 1. Trúnaðarskyldur lögmannna gagnvart skjólstæðingum sínum.

(trúnaðarskyldur skv. lögum, siðareglum, alþjóðlegum sáttmálum; samanburður við aðrar stéttir; innihald og þýðing fyrir lögmanninn, skjólstæðinginn og þjóðfélagið; upplýsingaheimild/-skylda (þ.m.t. afhending gagna) gagnvart öðrum, t.d. gagnaðila og yfirvöldum; ábyrgð (siðferðileg, refsí- og bótaábyrgð) vegna brota á trúnaðarskyldum).

#### 2. „Lögmaður skal vera óháður í starfi og standa vörð um sjálfstæði lögmannastéttarinnar.“

(hvað er að vera óháður í starfi?; óháður gagnvart hverjum (skjólstæðingum, gagnaðilum skjólstæðinganna, yfirvöldum, öðrum)?; sjálfstæð lögmannastétt: skilgreining, þýðing fyrir stéttina, almenning, réttarkerfið).

#### 3. Hlutverk og staða lögmannna nú á dögum.

(Hlutverk lögmannna í réttarkerfinu og staða þeirra í þjóðfélaginu í dag; styrkur og veikleiki á einstökum sviðum; áhrif þjóðfélagslegra og tæknilegra breytinga á stöðu lögmannna; ný réttarsvið).

Undir heitum ritgerðarefnanna eru vísbendingar um hvert gæti verið innihald þeirra. Ekki er um tæmandi eða bindandi upptalningu að ræða. Höfundar ráða uppbyggingu og efnistöku ritgerða sinna.

Ritgerðirnar verði frumsmíði í tilefni af samkeppni þessari. Ritgerðirnar verði 20-40 blaðsíður að lengd, í A-4 broti, með einnar línu millibili.

Þriggja manna dómnefnd mun fara yfir og meta þær ritgerðir sem berast. Dómnefndina skipa Hákon Árnason, hrl., Sigurður Línal, prófessor og Garðar Gíslason, hæstaréttardómari, sem er formaður nefndarinnar.

Fyrir bestu ritgerðina verða veitt 250.000 króna verðlaun. Auk þess fá höfundar þriggja annarra ritgerða, sem næstar koma, 50.000 króna verðlaun hver.

Lögmannafélag Íslands öðlast heimild til að gefa út verðlaunaritgerðirnar, eina eða fleiri, í bæklingi eða sem grein í tímariti.

Ritgerðunum ber að skila til skrifstofu L.M.F.Í. í lokuðu umslagi, með nafni höfundar í lokuðu, smærra umslagi þar inni í.

Frestur til að skila ritgerð í þessari samkeppni er til 1. mars 1997.



# Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna 1996

Hinn árlegi forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna (Præsidiemöte) var haldinn dagana 13.-14. september s.l., að þessu sinni í smábænum Rörös í Noregi. Fundi þessa sækja formenn, varaformenn og framkvæmdastjórnar norrænu lögmannafélaganna og ræða sameiginleg hagsmunamál og skiptast á upplýsingum um stöðu og störf lögmannanna og lögmannafélaga í þessum löndum. Af hálfu L.M.F.Í. sóttu fundinn Þórunn Guðmundsdóttir, formaður, Sigurmar K. Albertsson, varaformaður og Marteinn Másson, framkvæmdastjóri.

Á dagskrá þessa fundar voru nokkur fyrirfram valin efni og kom í hlut eins fundarmanna frá hverju landi að hafa framsögu um tiltekið efni.

## Auglýsingar um lögmannsþjónustu

Varaformaður danska lögmannafélagsins, Flemming Johnsen, gerði grein fyrir markaðsáttaki fyrir lögmannsþjónustu, sem danska lögmannafélagið hefur beitt sér fyrir. Í erindinu kom m.a. fram að lögmannafélagið hefur árlega til ráðstöfunar 2 milljónir danskra króna til svokallaðra almannatengsla (PR-virkisomhed), þ.e. auglýsingastarfsemi í víðum skilning þess orðs. Fram kom að lögmannafélagið var með auglýsingaferð í sjónvarpi fyrir nokkru, en mælanlegur árangur var heldur lítil. Í könnun, sem gerð var, kom í ljós að einungis 3% áhorfenda mundu eftir að hafa séð auglýsingu félagsins, eftir fyrstu útsendingu hennar. Eftir aðra útsendinguna mundu 18% áhorfenda eftir auglýsingunni. Þetta þótti slakur árangur og hefur því verið ákvæðið að beita öðrum aðferðum, þ. á m. að útvega lögmonnum sjálfum

auglýsingaefni, með merki félagsins. Þá yrðu markhópar betur skilgreindir og reynt að ná til þeirra eftir öðrum leiðum en almennum auglýsingum í sjónvarpi eða dagblöðum. Margt fleira kom fram í erindi Flemmings Johnsens, sem þótti mjög athyglisvert.

Norsku og sænsku fulltrúarnir lýstu reynslu þeirra af umfangsmiklum auglýsingaferðum í fjölmiðlum, en kostnaður af þeim auglýsingum nam sem svaraði til tuga milljóna íslenskra króna. Nið-

-----  
*... miklum peningum varið í berferð, sem þótti skila litlum sýnilegum árangri ...*  
-----

urstaðan varð sú sama og í Danmörku: miklum peningum varið í herferð, sem þótti skila litlum sýnilegum árangri. Sænsku fulltrúarnir bættu því við að helsti sýnilegi árangurinn hefði verið talsverð fjölgun kæru- og ágreiningsmála, sem bárust til siðanefndar sænska lögmannafélagsins.

## Gæðastjórnun á lögmannastofum

Formaður norska lögmannafélagsins, Björg Ven, fjallaði um gæðastjórnun á lögmannastofum, en það málefni hefur verið ofarlega á baugi undanfarin misseri. Í erindinu og umræðum á eftir var m.a. fjallað um ISO-9000, alþjóðlega gæðastaðalinn fyrir þjónustustarfsemi, en ein undirgreina ISO-9000 fjallar um lögmannsþjónustu. Voru menn almennt sammála um að ISO-9000 væri dýr og tímafrek leið til að ná settu marki, um að bæta starfsaðferðir og málsmeðferð á lögmannastofum. Fáar lög-

mannastofur á Norðurlöndunum hafa leitað eftir vottun um að þær uppfylli kröfur staðalsins. Aðrar leiðir þykja henta betur, svo sem aukin fræðsla til þeirra, sem eru að afla sér lögmannsréttinda (sbr. t.d. námskeið fræðslunefndar L.M.F.Í. undanfarin ár, um starfsreglur lögmannanna, um rekstur og skipulagningu lögmannastofa, um munnlegan málfutning o.fl.) og fræðsla til lögmannanna almennt.

## Samkeppnisstaða lögmannanna.

### Ný verkefnasvið

Þórunn Guðmundsdóttir, hrl., formaður L.M.F.Í., hafði framsögu um þetta efni. Í erindi sínu fjallaði hún m.a. um aukna samkeppni lögmannanna við aðrar stéttir, svo sem viðskiptafræðinga, endurskoðendur, verkfræðinga o.s.frv. Viðbrögðin við þeirri samkeppni hlyti að vera meiri upplýsingastarfsemi um þjónustu lögmannanna, meiri áhersla á gæði þeirrar þjónustu, svo og aukin fræðslustarfsemi fyrir lögmann. Þá þyrftu lögmann að huga að samkeppni frá öðrum lögfræðingum, sem ekki væru settir undir samskonar skyldur og lögmann, t.d. um fjárvörslureikninga og starfsábyrgðartryggingar, en veittu samskonar þjónustu og lögmann. Um ný verkefnasvið lögmannanna lagði formaðurinn áherslu á nauðsyn þess að lögmann hefðu augun opin fyrir hvers konar breytingum í þjóðfélaginu, sem leiddu af sér nýjar þarfir og þar með nýja möguleika til að veita ráðgjöf og þjónustu. Þannig var bent á breytingar í aldursskiptingu þjóðar, aukinn frítíma, nýja tækni o.fl. Þessar breytingar kölluðu oft á nýja löggjöf og þar með á þörf fyrir lögfræðilega ráðgjöf.

Í umræðum um þetta efni kom fram að alls staðar finna lögmann

fyrir áhuga annarra stétta á verksviðum, sem lögmann hafa hingað til sinnt og virðist samkeppnin helst koma frá endurskoðendum. En fleiri stéttir telja sig bærar um að veita lögfræðilega ráðgjöf. Nefnt var sem dæmi, héðan af Íslandi, nýlegt tilvik um hjón, sem leituðu til sálfræðings vegna vandamála í hjúskapnum. Ráðgjöfin bar ekki árangur en sálfræðingnum þótti ekki tiltökumál að útbúa skilnaðarsamkomulag hjónanna. Konan leitaði síðan ráðgjafar hjá lögmanni og kom þá í ljós að skilnaðarsamkomulagið hefði skilið hana eftir slyppa og snauða hefði það náð fram að ganga.

## Framtíð smárra og meðalstórra lögmannastofa í Svíþjóð

Lars Bentelius, framkvæmdastjóri sænska lögmannafélagsins, lýsti stöðu smárra og meðalstórra lögmannastofa í Svíþjóð og framtíð þeirra, m.a. vegna almennra þjóðfélagslegra breytinga, þ. á m. vegna nýrrar upplýsingatækni, en einnig vegna breytinga í réttarkerfinu sænska. Í Svíþjóð eru 1424 lögmannastofur, þar af eru ca. 85% 1-3 manna stofur. Umræður um efnid voru nánast framhald umræðna um efnid næst á undan, þ.e. samkeppnisstöðu lögmannanna, styrkleika stéttarinnar og veikleika.

## Nýjar aðferðir við lausn ágreiningsmála

Pekka Sirviö, formaður finnska lögmannafélagsins, hélt erindi um þetta efni. Fram kom hjá honum að hin venjulega dómstólaleið væri þung og seinfarin. Svipað mætti segja um gerðardómsmeðferð, sem auk þess væri mjög dýr. Nú væri víða um lönd að ryðja sér til rúms önnur aðferð við lausn ágreiningsmála, sem á ensku væri kölluð Alternative Dispute Resolution (ADR), en hún hefur verið í þróun í nokkur ár. Hún felur einfaldlega í sér að óháðum þriðja aðila er falið að leita lausna hjá málstaðilum um ágreiningsefnin. Um þetta hafa verið settar eða er fyrirhugað að

setja sérstakar reglur, þar sem áhersla verður lögð á stöðu milligöngumannsins. Í umræðum um þetta efni kom greinilega fram að mikill áhugi er um að leita ódýrra og fljótlegra leiða til lausna á ágreiningsmálum og að ADR-leiðin kunni að vera vænlegur kostur.

## Skýrslur um starfsemi lögmannafélaganna

Venju samkvæmt gerðu fulltrúar hvers félags grein fyrir starfsemi síns félags síðast liðið ár. Hjá danska lögmannafélaginu hefur mikil vinna verið lögð í endurskoðun á markmiðum félagsins og stefnumótun til næstu ára. Var í því sambandi m.a. haldin ráðstefna á árinu, sem um 600 félagsmenn sóttu. Bönnuð hefur verið útgáfa leiðbeinandi gjaldskrár félagsins. Mikil umfjöllun hefur orðið í dönskum fjölmiðlum um svokallaða fyrirtækjatæmingu (d. selskabstømning) og hugsanlegan þátt lögmannanna og endurskoðenda í því. Þá hafa danskir lögmann áhyggjur af hversu hægt gangi að reka mál fyrir dómstólum og hafa tekið upp viðræður við dómarafélagið um lagfæringar.

Í Finnlandi er hágt efnahagsástand og hefur það valdið erfiðleikum í rekstri lögmannastofa. Þá var þess getið að lögmann hafa starfsábyrgðartryggingar upp á 500.000 FIM (rúml. 5 milljónir króna) en fyrirhugað sé að hækka lágmarkstryggingarfjárhæðina í 1 milljón marka. Lögmannafélagið hefur hafið útgáfu nýs félagsblaðs, Advokaatti, og hefur sett upp heimasíðu á Interneti.

Íslensku fulltrúarnir gerðu grein fyrir frumvarpi til laga um lögmann og þeim atriðum frumvarpsins, sem deilt er um. Þá var getið útgáfu Lögmannablaðsins og hins nýja merkis félagsins, greint frá reglum um fjárvörslureikninga og starfsábyrgðartryggingar, starfsemi lögmannavaktanna í Reykjavík og á Akureyri og fleiri atriðum úr starfseminni.

Norska lögmannafélagið hefur endurskoðað stefnu sína í réttar-

öryggismálum (rettssikkerhetsprogram) og gefið út í bæklingi fyrir á árinu. Rætt er um að breyta ákvæði í félagssamþykktum um markmið félagsins og bæta við stefnunni í réttaröryggismálum. Lögmannavakt er starfrækt í 30 bæjum og sveitarfélögum og hefur sú starfsemi gefið góða raun. Greint var frá breytingum í aga- og eftirlitsmálum, sem taka gildi 1. janúar n.k. Breytingar hafa orðið á opinberu réttaraðstoðinni, færri tegundir mála falla undir hana en viðmiðunartekjumörkin hafa hækkað.

Sænsku fulltrúarnir gerðu grein fyrir breytingum á réttarkerfinu þar í landi, sem m.a. miðar að því að fækka málum, sem fara til „hovrett-en“. Einnig hafa komið til athugunar tillögur um að fækka héraðsdómstólum, í sparnaðarskyni. Stór hluti kærumála til siðanefndar sænska lögmannafélagsins leiðir til sýknu eða frávísunar. 10 gerðardómar fjalla um ágreiningmál um þóknun lögmannanna. Greiða þarf 150 sænska krónur fyrir mál, sem lagt er fyrir slíkan gerðardóm. Sænska lögmannafélagið skiptist í deildir eftir landshlutum. Nú hefur verið stofnuð sérstök deild fyrir sænska lögmann, sem starfa erlendis.

## Lögmann og fjölmiðlar

Síðast á dagskrá fundarins var umfjöllun um lögmann og samskipti þeirra við fjölmiðla. Flutti Arvid Jakobsen, upplýsingafultrúi norska lögmannafélagsins, mjög fróðleg erindi um það efni og kom víða við. Meðal annars gerði hann grein fyrir skoðanakönnun í Noregi um það hvaða fjölmiðla almenningur teldi mikilvægasta, en það voru dagblöð. Þá fjallaði hann um nokkrar grundvallarreglur fyrir lögmann um samskipti þeirra við blaðamenn. Góður rómur var gerður að erindi þessu að því loknu.

MM



# Erlendar ráðstefnur og námskeið á næstu mánuðum

17.-19. febrúar 1997: **International Wealth Transfer Techniques**, í London, á vegum International Bar Association (Section on General Practice).

10.-11. mars 1997: **Rethinking the Law Firm**, í Amsterdam, á vegum International Bar Association (Section on General Practice) og The American Bar Association.

20.-23. apríl 1997: **International Intellectual Property Law**, í Reading á Englandi, á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

22.-25. apríl 1997: **Drafting Contracts using English as the Contract Law and Language**, í Reading á Englandi, á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

19.-20. maí 1997: **Oil and Gas in the Next Millennium**, í Egham í Englandi, á vegum International Bar Association (Section on Energy and Natural Resources Law).

26.-27. maí 1997: **Infrastructure Projects**, í Eilat í Ísrael, á vegum International Bar Association (Section on Business Law).

15.-19. júlí 1997: **English Language for Lawyers**, í Reading á Englandi, á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

Einnig hafa borist bæklingar frá University of Wisconsin og Franklin Pierce Law Center um lengri námskeið og framhaldsnám í lögum.

Ljósrit kynningarbæklinga er hægt að fá á skrifstofu L.M.F.Í.

*Helgi Jóhannesson, brl.*

# Hugtakið „nákomnir“

*Dómur Hæstaréttar frá 3. október 1996*

## 3. gr. laga nr. 21/1991

Hugtakið *nákomnir* í gjaldþrotalögum nr. 21/1991 getur haft verulega þýðingu. Þannig eru tíma-mörk til riftunar lengri ef um greiðslu eða aðra ráðstöfun til nákomins er að ræða, svo sem fram kemur í ýmsum greinum í XX. kafla laganna.

Í 3. gr. laganna er að finna skilgreiningu á hugtakinu *nákomnir*. Greininni er skipt upp í 6 tölulíði. Fyrstu þrjú tölulíðirnir fjalla um ættartengsl manna og tengsl vegna hjúskapar eða sambúðar. Tengsl af þessum toga eru vel skilgreind í lögnum og ólíklegt er að um þessa tölulíði lagagreinarinnar geti skapast vafi.

Í seinni þremur tölulíðum greinarinnar er hins vegar fjallað um tilvik, sem eru miklu matskenndari. Í 4. og 5. t. þarf t.d. að leggja mat á það í hvert sinn, hvað teljist *verulegur eignarbluti* í félagi. Í 6. t. er svo ákvæði um að menn, félög og stofnanir, sem eru í „sambærilegum tengslum“ og um ræðir í 1.-5. t., teljist nákomnir í skilningi laganna. Hér er einnig um að ræða tilvik, sem háð er mati hverju sinni.

## Dómafordæmi

Dómafordæmi um skilgreiningu á hugtakinu *nákomnir* í skilningi laga nr. 21/1991 eru fá. Þá er heldur ekki um auðugan garð að gresja í Danmörku varðandi túlkun á sambærilegu ákvæði í dönsku gjaldþrotalögnum. Hér er þó rétt að nefna tvo nýlega dóma Hæstaréttar þar sem fjallað var um hugtakið. Annars vegar er um að ræða Hrd. 1995:2383, Þb. Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis gegn Samvinnulífeyrissjóðnum og hins vegar Hrd. 23. nóvember 1996, Samband íslenskra samvinnufélaga



*Helgi Jóhannesson, brl.*

gegn Þb. Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis. Í báðum þessum dómum kom til skoðunar hugtakið *nákomnir*, en í hvorugum dómnum var talið að um nákomna væri að ræða í skilningi laganna. Ekki verður nánar fjallað um dóma þessa hér.

## Þb. Hafarnarins gegn Ólíufélaginu hf.

Þann 3. október sl. gekk í Hæstarétti dómur í málinu nr. 2/1996, protabú Hafarnarins hf. gegn Ólíufélaginu hf. Í dómnum reyndi einkum á tvö hugtök gjaldþrotaréttarins, annars vegar hugtakið *óvenjulegur greiðslueyri* og hins vegar hugtakið *nákomnir*.

## Málavextir

Málavextir voru í stuttu máli þeir, að u.þ.b. 9. mánuði fyrir frestdag ákvað stjórn Hafarnarins hf. að selja hlutabréf sem félagið átti í Icelandic Seafood Corp. og gekk söluandvirði bréfanna, samtals kr. 13.612.372 beint frá söluáðila bréfanna, Verðbréfavíðskiptum Samvinnubankans, inn á skuld Hafarnarins hf. við Ólíufélagið hf.

Hluthafar í Hafarninum hf. á þessum tíma voru samtals 49. Af þessum 49 aðilum voru fjórir áberandi stærstir, þar sem hver þeirra átti 10% af heildarhlutafé félagsins eða meira. Þetta voru Atvinnuþróunarsjóður Akraness, sem átti

43,5%, Kirkjusandur hf. (eignarhaldsfélag í eigu Landsbankans), sem átti 22,8%, Ólíufélagið hf., sem átti 12,9% og Útvegsfélag samvinnumannanna, sem átti 10,2%. Aðrir hluthafar áttu verulega miklu minni hlut í félaginu.

Stjórn félagsins var á þessum tíma skipuð fimm mönnum, þar af komu tveir þeirra frá Ólíufélaginu hf. Annars vegar var forstjóri Ólíufélagsins hf. í stjórninni og hins vegar aðstoðarmaður hans. Ástæða þess að Ólíufélagið hf. var með tvo fulltrúa í stjórninni var sú, að þeir fóru einnig með atkvæði Kirkjusands hf. í stjórninni, en Kirkjusandur hf. átti 22,8% í félaginu svo sem áður segir.

## Álitaeftin

Af hálfu protabús Hafarnarins hf. var krafist riftunar á greiðslunni til Ólíufélagsins hf. á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991 og því haldið fram að um óvenjulegan greiðslueyri hefði verið að ræða. Þar sem greiðslan var innt af hendi 9,5 mánuðum fyrir frestdag, þurfti einnig að fá viðurkenningu á því að Ólíufélagið hf. og Haförninn hf. hefðu verið nákomnir í skilningi gjaldþrotalaganna, til að riftunin næði fram að ganga, sbr. 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991.

## Niðurstaða Hæstaréttar

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að um óvenjulegan greiðslueyri hefði verið að ræða og að Haförninn hf. og Ólíufélagið hf. hefðu verið nákomnir í skilningi gjaldþrotalaga. Um þetta atriði segir í dómnum: „*Stefndi átti samkvæmt framansögðu töliverðan hlut í Hafarninum hf., einkum í samanburði við langflestu aðra hluthafa. Það er ljóst, að hann*



**Úrlausn - Aðgengi ehf. býður hugbúnaðarlausnir fyrir lögfræðinga.**

**Ný útgáfa af innheimtukerfi lögmanna, IL+ 1.4 er komin út.**

**Lagasafn Íslands AG er nú uppfært til 1.10.1996.**

**Réttarríkið er gagnabanki sniðinn fyrir lögfræðinga, fasteignasala og opinbera stjórnsýslu.**

**Fasteignasölukerfið Húsið 4.0 með hjálparforritum fyrir lögfræðinga sem starfrækja fasteignasölur.**

Úrlausn - Aðgengi ehf. Skeifan 7, 108 Reykjavík. Sími 568-8886, Fax 568-8883.  
Internet póstfang [urlausn@adgengi.is](mailto:urlausn@adgengi.is) heimasíða <http://www.adgengi.is>



naut ábrifa í stjórn félagsins um fram eignarráð sín, en ekki skiptir máli, þótt stefndi hafi í því efni notið atbeina Landsbankans. Hann hlaut að mega sín mikils við ákvarðanir stjórnar félagsins um skuldaskil. Þegar lítið er til þessara atriða í heild, verður að telja, að stefndi og Haförninn hf.

hafi verið nákomnir í skilningi 6. tl. 3. gr. laga nr. 21/1991.

### Lokaorð

Ofangreindur dómur Hæstaréttar er athyglisverður vegna þess að í honum virðist því slegið föstu, að það sé ekki einungis stærð eignarhluta í félagi sem skipti máli við

mat á því hvort um nákomna sé að ræða í skilningi laga nr. 21/1991, heldur skipti í því sambandi einnig verulegu máli möguleikar viðkomandi aðila til að hafa áhrif á ákvarðanatökur stjórnar í því félagi sem um ræðir.

## Af vettvangi stjórnar og nefnda L.M.F.Í.

Af störfum stjórnar L.M.F.Í. og ýmissa nefnda félagsins í haust má m.a. nefna eftirfarandi:

### Stjórn L.M.F.Í.

Stjórninni hafa að venju borist margvísleg erindi, kvartanir og kærur, fyrirspurnir og annars konar erindi. Að venju hefur stór hluti tíma stjórnarinnar farið í umfjöllun um og afgreiðslu kæru- og ágreiningsmála, umsókna um málflyttingsleyfi, erinda vegna starfsábyrgðartrygginga o.s.frv. Stjórnin hefur í einu tilvikum beðið trúnaðarendurskoðanda félagsins að skoða hvort lögmaður fylgdi reglum um fjárvörslureikninga. Vegna frumvarps til laga um lögmennt, sem stjórnin lét vinna og var sent félagsmönnum í október, hefur verið unnið að gerð viðhorfskönnunar meðal lögmannna um ýmis atriði í frumvarpinu. Hefur stjórnin leitað ráðgjafar hjá Stefáni Ólafssyni, prófessor við Félagsvísindastofnun, í þessu skyni. Verður spurningalisti fljótlega sendur lögmenntum.

Á samráðsfundi fulltrúa L.M.F.Í. og dómsmálaráðuneytisins þann 5. nóvember s.l. kynnti formaður félagsins hugmynd að „lagadegi“, þ.e. að hinar ýmsu stofnanir, er fást við lög og rétt í þjóðfélaginu, tækju höndum saman og kynntu starfsemi sína fyrir almenningi. Fyrirmynd að slíkri kynningu má m.a. finna í Bandaríkjunum, þar sem haldnir eru svokallaðir „law day“ í sumum fylkjanna. Formaður kynnti þessa hugmynd einnig á nýafstöðnum aðalfundi Dómarafélags Íslands. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um að halda slíkan „lagadag“ en hugmyndin hefur þótt allrar athygli verð.

Á aðalfundi Dómarafélagsins lagði formaðurinn einnig til að félögin tvö, þ.e. L.M.F.Í. og D.Í., héldu samráðsfundi, svipaða og þá, sem haldnir hafa ver-

id með dómsmálaráðuneytinu, þannig að fulltrúar félaganna gætu rætt ýmis þau mál, er varða samskipti lögmannna og dómara. Hugmyndinni var vel tekið og hefur fyrsti fundur af þessu tagi verið ákveðinn 10. janúar n.k. Ef vel tekst til gætu slíkir fundir verið haldnir tvisvar til þrisvar á ári, t.d. í upphafi hvers árs og á haustin, að afloknu réttarhléi.

### Kjaranefnd

Kjaranefnd hefur í haust unnið að gerð nýs kostnaðargrunns fyrir lögmannsstofur, en grunnur sá, sem gerður var árið 1992, þarfnaðist endurskoðunar við. Verður hinn nýi grunnur væntanlega tilbúinn og sendur til félagsmanna fljótlega eftir áramót.

### Bókasafnsnefnd

Viðar Már Matthíasson hefur sagt sig úr bókasafnsnefndinni en sem kunnugt er hefur hann nýlega verið ráðinn sem prófessor við lagadeild H.Í. Hefur Viðar Már verið formaður nefndarinnar allt frá upphafi, en nú eru 5 ár liðin frá því bókasafn L.M.F.Í. var tekið formlega í notkun. Er mikill missir að Viðari Má úr nefndinni, en hann hefur unnið mjög ötullega og af mikilli ósérhlífni að uppbyggingu bókasafnsins.

Á vegum bókasafnsnefndar hefur verið unnið að útgáfu nýrrar bókaskrár fyrir safnið, en síðasta skrá, sem gefin var út og send félagsmönnum, var prentuð í maí 1993. Ekki er á þessari stundu vitað hvenær hin nýja skrá verður tilbúin.


### Laganefnd

Um störf laganefndar vísast til sérstakrar umfjöllunar annars staðar í blaðinu.

Jón G. Briem, hrl.

## Ráðstefna IBA í Berlín 21. - 26. október 1996

IBA (International Bar Association) eru stærstu alþjóðasamtök lögmannna í heiminum með yfir 30000 félagsmenn, bæði einstaklinga og félög. Þau halda árlega ráðstefnu, sem þau kalla Biennial! Árið 1995 var hún haldin í París. Árið 1997 verður hún haldin í Nýju Delí. Samtökunum er skipt í þrjár megindeildir, Section on General Practice (SGP), Section on Business Law (SBL), sem ég er félagi í og Section on Energy and Natural Resources Law (SERL). Síðan er hverri deild skipt niður í margar nefndir eftir viðfangsefnum.



Jón G. Briem, hrl.

Þátttakendur að þessu sinni voru, samkvæmt þátttakendalista, um 2700 en fleiri bættust við meðan á ráðstefnunni stóð. Ráðstefnan var haldin í risastórri ráðstefnumiðstöð í Berlín, International Congress Centrum (ICC). Hún getur tekið um þrjátíu þúsund manns í sæti samtímis. Stærsti salurinn tekur um 6000 manns. Á hverjum degi voru haldnir 20-30 fundir/fyrirlestrar. Þeir voru að sjálfsögðu margir haldnir á sama tíma. Þátttakendur urðu því að velja og hafna og finna út hvað væri áhugaverðast fyrir þá. Þess var þó gætt að fundir um skyld efni væru ekki haldnir á sama tíma.

Allt skipulag tókst vel. Engir hnökur voru á framkvæmdinni. Fyrirlesarar voru auðvitað misjafnir en flestir mjög áheyrilegir. Tímasetningar stóðust vel.

Auk ráðstefnunnar sjálfar var mikið um ýmsa félagslega (social) atburði. Flestir voru þeir í formi hana-stélsboða (coctails). Augljóst var að margir reyndu að ná til ráðstefnugestanna á þennan hátt. Hanastélsboðin voru flest á vegum lögmannsstofa eða samtaka slíkra stofa. Ég sótti eitt hanastélsboð, sem var á vegum Nordic Alliance. Það eru samtök þriggja stórra lögmannsstofa, ein er í Stokkhólmi, önnur í Osló og sú þriðja í Kaupmannahöfn. Þær hafa gefið út mjög snortan fjórblöðung til kynningar á stofunum og því markaðssvæði, sem þær vinna á. Fyrir stóra aðila úti í heimi (utan Norðurlandanna) er oft lítið á Norðurlönd sem eitt markaðssvæði. Til dæmis sagði einn gestgjafanna mér frá því að hann hefði fyrir fáeinum dögum fengið fyrirspurn frá lögmannsstofu um hvaða lögmann mætti hafa samband við í Reykjavík til að reka fyrir sig mál varðandi höfundarrétt. Hann gat ekki svarað erindinu. Umfram þetta hafði hann mestan áhuga að vita hvort Grímsvatnahlaupið væri byrjað.

Ég sótti þá fundi, sem fjalla um International Financial Law. Útleggst líklega: alþjóðlegur fjármálaréttur. Eitt fundarefnið var Exceptions as to bankruptcy in legal

opinions, sem útleggst: fyrirvari varðandi gjaldprot í lögfræðiálitum.

Erlendis er það mjög notað í lánsviðskiptum milli fjármálastofnana og viðskiptavina þeirra að fá lögfræðiálit um atriði, sem kunna að skipta máli í viðskiptum þeirra. Lögfræðiálitun er unnið að beiðni lántaka, en í því þurfa að koma fram upplýsingar, sem lánveitandi þarfnað. Lögmaður, sem þekkir til lántaka eða

kynnir sér hann af þessu tilefni, er fenginn til að gefa lögfræðiálit. Það getur fjallað um lögfræðilega stöðu lántaka, hvort ákvörðun um lántökuna hefur verið tekin á réttan hátt, stöðu lánsins gagnvart öðrum skuldbindingum lántaka og fleira. Íðulega kemur fram í slíkum álitum að krafa lánveitanda standi að minnsta kosti jafnt (þari passu) í réttindaröð og aðrar ótryggðar kröfur á hendur lántaka. Umræðan snerist aðallega um hvort rétt væri að setja fyrirvara í álitun um að gjaldprot lántaka geti raskað þessari röð. Einnig var rætt um skyldu lögmanns að láta lánveitanda vita ef lántaki væri gjaldprota eða að verða gjaldprota og lánveitandi gæti ekki vitað það. Þarna vegast á siðareglur og skyldur lögmanns við skjólstæðing sinn, lántakann. Sumir töldu sér skylt að láta vita. Annars gætu þeir orðið þátttakendur í að blekkja lánveitandann til að lána. Aðrir töldu að rétt gæti verið að setja fyrirvara inn í álitun um að lögmaðurinn hefði ekki kannað fjárhagslega stöðu lántaka og að álitun bæri að lesa með hliðsjón af því. Álitun ætti aðeins að vera „memorandum on legal issues“ en ekkert meira.

Lögfræðiálit í þessari mynd eru lítið notuð á Íslandi. Þau eru sérstaklega gagnleg þegar lánveitandi og lán-taki búa í sitt hvoru landinu. Þá er erfitt fyrir lánveitandann að kanna stöðu lántaka og stöðu lánsins gagnvart öðrum skuldbindingum lántaka. Álit lögfræðings í heimalandi lántaka er þá sú laus sem er best. Vegna aukinna viðskipta Íslendinga við aðrar þjóðir má búast við að íslenskir lögmennt þurfi í vaxandi mæli að gefa lögfræðiálit til erlendra lánastofnana og annarra erlendra viðskiptaaðila. Íslenskar lánastofnanir eru farnar að lána til erlendra aðila. Í þeim viðskiptum notast þær við álit lögfræðings í heimalandi lántaka. En við lánveitingar innanlands geta lánastofnanir héraðs oftast kynnt sér af eigin raun stöðu lántakans og þau önnur atriði, sem skipta máli. Þó ekki alltaf. Ég býst við að lánastofnanir muni framvegis krefjast þess í auknum mæli að lögfræðiálit liggi fyrir um atriði, sem þær sjálfar eiga erfitt með að kanna en nauðsynlegt er að hafa á hreinu áður en lán er veitt.

## Breytingar á félagatali

Á félagatalinu hafa orðið eftirfarandi breytingar frá útgáfu síðasta tölublaðs:

### Ný málflytningaleysis fyrir héraðsdómi:

Auður Hörn Freysdóttir, hdl., Espilundi 2, Akureyri, sími 461-3357.

Gísli M. Auðbergsson, hdl., rekur eigin stofu að Strandgötu 35, 735 Eskifirði, sími 476-1616, bréfsími 476-1606.

Heiðrún Jónsdóttir, hdl., fulltrúi hjá Ólafi Birgi Árnasyni, hrl., Geislagötu 5, Akureyri, sími 462-4606, bréfsími 462-4745.

Hildur Sólveig Pétursdóttir, hdl., fulltrúi hjá Herði Einarssyni, hrl., Síðumúla 14, sími 588-1090, bréfsími 588-1091.

Lilja Dóra Halldórsdóttir, hdl., Olufélaginu Skeljungi h.f., Suðurlandsbraut 4, sími 560-3800, bréfsími 560-3889.

Rúrik Vatnarsson, hdl., Vátryggingaefirlitinu, Suðurlandsbraut 6, sími 568-5188, bréfsími 568-5253.

### Ný málflytningaleysis fyrir Hæstarétti Íslands:

Gunnar Jónsson.  
Magnús Haukur Magnússon.

### Eldri leyfi leyst út:

Halldór Frímannsson, hdl. - VÍS, Ármúla 3, sími 560-5060, bréfsími 560-5317.

Heimir Hannesson, hdl. - Holtsbúð 91, Garðabæ, sími 565-7573, bréfsími 565-7273.

### Innlagning málflytningaleyfa:

Jón Þórarinnsson.  
Matthías Geir Pálsson.  
Viðar Már Matthíasson.

### Breytingar á heimilisföngum, símanúmerum o.fl.:

Ástríður Grímsdóttir, hdl. - Þverholt 2, Mosfellsbæ, sími 566-8530, bréfsími 566-8532 eða 566-8570.

Björn Þorri Viktorsson, hdl. - Suðurlandsbraut 4 A, sími 533-4850, bréfsími 533-4811.

Elvar Örn Unnsteinsson, hrl. - netfang logrun@skyr.is.

Gissur V. Kristjánsson, hdl. - bréfsími 551-5580.

Guðmundur Ágústsson, hdl. - Suðurlandsbraut 18, sími 568-9559, bréfsími 588-5885.

Hallgrímur Ásgeirsson, hdl. - Siglingastofnun Íslands, Vesturvör 2, Kópavogi, sími 560-0000, bréfsími 560-0060.

Hjalti Steinþórsson, hrl. - netfang logrun@skyr.is.  
Hrund Hafsteinsdóttir, hdl. - 67 Storey's Way, Cambridge, CB3 0DF, Englandi, sími 0044-1223-354-767, netfang hrund@skima.is.

Jón G. Valgeirsson, hdl. - Starfar hjá Lögmonnum, Suðurlandi, á Selfossi, en þeir hafa opnað skrifstofu í Vestmannaeyjum, undir nafninu Lögmennt, Vestmannaeyjum, að Strandgötu 48, Pósthólf 125, 902 Vestmannaeyjum, sími 481-2978, bréfsími 481-2958, netfang logmvest@eyjar.is.

Karl G. Sigurbjörnsson, hdl. - Suðurlandsbraut 4 A, sími 533-4850, bréfsími 533-4811.

Kristinn Sigurjónsson, hrl. - Gjaldheimtunni í Reykjavík, Tryggvagötu 28, sími 551-7940, bréfsími 562-5075.

Magnús Erlingsson, hdl. - Ranunkelvej 295, 8471 Sabro, Danmörku, sími og bréfsími 0045-8694-8507.

Magnús Guðlaugsson, hrl. - netföng logrun@skyr.is og magnusg@skyr.is.

Óskar Norðmann, hdl. - Suðurlandsbraut 18, sími 533-2050, bréfsími 588-5885.

Pétur Örn Sverrisson, hdl. - Suðurlandsbraut 4 A, sími 533-4850, bréfsími 533-4811.

Sigríður Logadóttir, hdl. - netfang slogo@mmedia.is.

Sigurberg Guðjónsson, hdl. - Suðurlandsbraut 16, sími 588-4757, bréfsími 588-8780.

Sigurður Skúli Bergsson, hdl. - Grundarvegur 23, 260 Njarðvík, sími 421-5767, bréfsími 421-5075.

Valborg Þ. Snævarr, hdl. - sími 588-3360.

Þorbjörg I. Jónsdóttir, hdl. - Þverholt 2, Mosfellsbæ, sími 566-8530, bréfsími 566-8532 eða 566-8570.

Þorvaldur Ragnarsson, hdl. - Skemmuvegi 6 L, Kópavogi, sími 587-2145, bréfsími 587-2141.

Þórður Sveinsson, hdl. - Skeifunni 19, sími 588-3330, bréfsími 588-3332.

Stefán Pálsson, hrl.

## Áfrýjun einkamála

### Nokkur minnisatriði um fresti

Ég tel, af gefnu tilefni, nauðsynlegt að birta hér örstutt minnisatriði varðandi þá fresti, sem huga þarf að við áfrýjun einkamála. Að undanförunu hafa ekki orðið var við að lögmenn hafa ekki fyllilega áttað sig á þeim breytingum, sem gerðar voru á XXV. kafla einkamálaganna um áfrýjun. Nýverið ónýttust nokkur mál í Hæstarétti þar sem lögmenn áfrýjenda gættu þess ekki að skila áfrýjunarstefnu, ágrípi og greinargerð fyrir þann þingfestingardag, sem nefndur var í áfrýjunarstefnu, **eða sækja um frest**. Þá höfðu sumir ekki gætt þess að halda frestbeiðnum við. Afleiðingarnar urðu þær að málin voru ekki þingfest.

Í ágúst 1994 dreifði L.M.F.Í.



Stefán Pálsson, hrl.

ágætis bæklingi um áfrýjun mála til Hæstaréttar, sem Viðar Már Matthíasson tók saman. Þar kemur flest fram, sem huga þarf að, en ég tel rétt að áreitta nokkur atriði varðandi fresti.

### Lögmaður áfrýjanda:

- Sækja um frest fyrir þingfestingardag sé ágrípsgerð ekki lokið.

Þetta er gert með einfaldri beiðni í símbrefi til Hæstaréttarritara. Venjulega áritar Hæstaréttarritari beiðnina um veitingu frests og símsendir um hæl.

- Gæta þess að viðhalda frestbeiðnum.

### Lögmaður stefnda:

- Tilkynna Hæstarétti fyrir þingfestingardag að honum hafi verið falið að halda uppi vörnum í máli.

- Er tilkynning hefur borist frá Hæstaréttarritara um skil á greinargerð fyrir stefnda, að sækja um frest, sé það nauðsynlegt.

- Regla sem á alltaf við: Skoða strax vel hvort þörf er á að gagnáfrýja.

## Nokkur minnisatriði um áfrýjun opinberra mála

Embætti ríkissaksóknara hefur sent til skrifstofu L.M.F.Í. yfirlit um nokkur atriði er varða áfrýjun opinberra mála. Er yfirlit þetta birt hér í blaðinu, lögmönnum til glöggvunar:

1. Ákærði, sem hefur verið sakfelldur í héraði, getur áfrýjað dómi þegar refsing er varðhald eða fangelsi eða sekt og/eða eignaupptaka, er nemur hærri fjárhæð en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum, sem nú er kr. 319.690.

2. Sé einungis um sektardóm að ræða og sekt lægri en ofangreindri áfrýjunarfjárhæð nemur verður áfellingisdómi aðeins áfrýjað að fengnu leyfi Hæstaréttar.

Hafi ákærði ekki sótt þing í héraði og mál verið dæmt að honum fjarstöddum verður dómi aðeins áfrýjað um lagaatriði eða viðurlög og að fengnu leyfi Hæstaréttar.

3. Um áfrýjun og í hvaða skyni áfrýja má vísast til 147. gr., liða a-e, og 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994.

4. Dómfelldi, sem óskar áfrýjunar, skal hafa lýst yfir áfrýjun dóms *innan fjögurra vikna, þ.e. innan 28 daga, frá birtingu dóms*, í bréflægri tilkynningu til rík-

issaksóknara. Í tilkynningunni skal tekið nákvæmlega fram í hverju skyni sé áfrýjað, þ. á m. varðandi bótakröfur, ef því er að skipta. Sé um að ræða sakfellingu fyrir mörg ákærufeni þarf skilgreining á áfrýjun að taka til hvers þeirra fyrir sig.

5. Þurfi dómfelldi leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar skal hann senda skriflega og ítarlega rökstudda beiðni um það, sem berast þarf Hæstarétti innan sama frests, *innan 28 daga frá birtingu dóms*. Beiðninni skal beint til ríkissaksóknara ásamt tilkynningu um í hverju skyni áfrýjað sé.

6. Ríkissaksóknara og öðrum ákærendum er skylt að veita leiðbeiningar um gerð tilkynningar, ef eftir því er leitað, en jafnframt er þó þeim, sem í áfrýjunarhugleiðingum eru, bent á að leita ráða hjá verjanda eða hjá lögmanni um framsetningu tilkynningar um áfrýjun eða beiðni um áfrýjunarleyfi.

7. Berist ríkissaksóknara ekki tilkynning ákærða um áfrýjun innan áfrýjunarfrests, *innan 28 daga frá birtingu dómsins*, skal líta svo á, að ákærði vilji hlíta héraðsdómi.

## Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins fyrir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl.

Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns.

Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts. Innifalið er kaffi.

Tekið er við pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568-5620.

## Gagnaöflun í forsjármálum

Háskólaútgáfan gaf nú nýlega út rit eftir Sigríði Ingvarsdóttur, héraðsdómara, sem ber heitið „Gagnaöflun í forsjármálum“. Var eftir því óskað af hálfu ritnefndar Lögmannablaðsins að undirrituð ritaði örfá orð um rit þetta og var undirritaðri ljúft að verða við þeirri ósk.



Valborg Þ. Snævarr, bdl.

Bókin er 139 blaðsíður að lengd, þar af nemur heimildaskrá fimm blaðsíðum. Má ljóst vera af lestri heimildaskrárinnar sem og ritinu í heild að höfundur hefur víða leitað fanga við gerð ritsins og er fengur fyrir áhugamenn um forsjármál að heimildaskránni einni og sér.

Tilgangur rits sem þessa hlýtur að vera sá að upplýsa og skýra þær réttarreglur, sem um efnið gilda, framkvæmd dómstóla á reglum og að vekja athygli á vandamálum, sem efninu tengjast og jafnvel setja fram hugmyndir að því hvernig bæta megi úr. Verður að telja höfundu hafa tekist vel upp á öllum þeim sviðum.

Ef finna ætti að ritinu eru helst tvö atriði, sem vantar að mati undirritaðrar. Höfundur lýsir ekki skoðun sinni um öll þau álitamál, sem til umfjöllunar eru - enda e.t.v. ekki við hæfi miðað við þá stöðu, er höfundur gegnir. Hefði undirrituð þó gjarnan viljað sjá skoðun höfundar á því hvort rétt sé að dómari leiti álits matsmanna í öllum forsjármálum, sem fyrir dóm koma og þá á kostnað dómstólsins, eða hvort það sé fyrst og fremst aðila að fara fram á slíka álitsgerð. Er þetta nefnt hér, þar eð nokkur óvissa hefur ríkt um þetta atriði í reynd. Hafa dómara á þessu mismunandi skoðanir, sem gerir lögmönnum erfitt um vik við að upplýsa skjólstæðinga sína um hvernig málum þessum sé í raun háttað. Álitsgerðir þessar eru

kostnaðarsamar og aðilar geta í mörgum tilvikum alls ekki staðið straum af þeim kostnaði, sem öflun álitsgerðar hefur í för með sér og hefur þetta atriði því mikla hagnýta þýðingu. Þá fjallar höfundur ekkert um gagnaöflun í málum, sem snúa að forsjá barna til bráðabirgða, en undirritaðri hefði þótt rétt að víkja að þeim þætti að einhverju leyti. Að minnsta kosti hefði mátt koma að því, með hverjum hætti gagnaöflun horfði öðruvísi við í þess konar málum og í því fælist um leið leiðbeining um hvernig standa beri að verki við slíka gagnaöflun lögmanna.

Höfundur vekur athygli á þörf fyrir reglur, sem að matsgerðum snúa, hvenær leita beri matsgerða, með hverjum hætti, sem og um framkvæmd. Telur höfundur jafnframt æskilegt að setja fram reglur um vinnu sérfræðinga í málum þessum. Telur hún upp á bls. 130 dæmi um til hvernig atriða slíkar reglur skuli taka. Vantaði að mati undirritaðrar eitt atriði þar inn í, um samskipti sérfræðinga og lögmanna, en um það atriði getur margt verið óljóst.

Höfundur fjallar með ítarlegum hætti um flest þau atriði, sem máli skipta varðandi efnið og er ljóst að hér er komið grundvallarrit fyrir alla þá, er kynna vilja sér hina afbrigðilegu meðferð, sem mál þessi sæta, en gagnaöflunin og hlutverk dómara þar er auðvitað eitt stærsta sérkenni mála þessara. Höfundur

fjallar með ítarlegum hætti um ýmslegt er að matsmönnum snýr og hlýtur umfjöllun þessi að vera þeim sérfræðingum, sem að málum þessum starfa, mikill fengur. Þá þótti undirritaðri kaflinn um sönnunarfærslu og mat sönnunargagna athygliverður. Kemur m.a. fram sú afstaða höfundar, að dómari taki ekki afstöðu til sönnunargildis aðilaskýrslna og að dómara forðist að taka afstöðu til ávirðinga aðila á hvern annan, að því marki sem

## Frá laga nefnd L.M.F.Í.

Nokkur lagafrumvörp og þingsályktunartillögur hafa borist félaginu í haust til umsagnar og hefur laganefnd, að beiðni stjórnar L.M.F.Í., séð um að semja umbeðnar umsagnir. Verður hér lítillega greint frá efni tveggja umsagna nefndarinnar.

### Frumvarp til fasteignasöhlulaga

Í frv. til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu er gert ráð fyrir því nýmæli í lögum, að einungis fasteigna- og skipasala sé heimilt að hafa milligöngu vegna kaupa og sölu á fyrirtæki, sem stundar virðisaukaskattsskylda starfsemi. Í umsögn laganefndar er bent á að ákvæðið sé að ýmsu leyti óljóst og þyrfti nánari skoðunar við, m.a. vegna spurningarinnar um hvort eðlilegt væri að takmarka þennan einkarétt, ef hann teldist eiga rétt á sér, við sölu virðisaukaskattsskyldra fyrirtækja. Einnig vegna þess að ekki væri skilgreint hvað fælist í kaupum eða sölu á fyrirtæki, þ.e. hvort ákvæðið ætti einungis við þegar fyrirtæki væri selt í heild sinni

þær hafa ekki þýðingu fyrir úrslit málsins. Telur höfundur þetta brýnt til að koma í veg fyrir frekari erfiðleika í sambandi aðila og að með því sé hagsmuna barnsins, sem í hlut á, best borgið. Telur undirrituð sjónarmið höfundar um þetta mikilvægt og geti leitt til að aðilar/lögmenn þeirra gæti hófs í framsetningu ósannaðra ávirðinga á gagnaðila. Á hinn bóginn má benda á að ítarleg umfjöllun um allar slíkar ávirðingar og allar málsástæður í dómi geta í sumum tilvikum leitt til sáttagrundvallar og komið í veg fyrir áfrýjun forsjármála. Þessa eru einnig dæmi.

Við lestur ritsins vöknudu þannig ýmsar hugsanir hjá lesandanum um ýmis þau atriði, sem höfundur

fjallar um, sem hlýtur að teljast aðalsmerki vel samins rits.

Í niðurlagi ritsins segir höfundur m.a.: „Brýnt er einnig að huga að menntun og þjálfun dómara, lögmanna og sérfræðinga ... Æskilegt væri einnig að dómara, lögmenn og sérfræðingar gætu með reglubundnum og skipulögðum hætti miðlað þekkingu sinni hver til annars. Til þess að það verði unnt þarf að koma á samvinnu milli þessara aðila um hvernig það verði best gert.“ Er undir þessi lokaorð Sigríðar tekið heilshugar og telur undirrituð slíkt myndi best gagnast þeim, sem mestra hagsmuna eiga að gæta í forsjármálum: Börnum þessa lands.

Ljóst er af lestri rits þessa að ým-

islegt er enn ómótað og óljóst í framkvæmd forsjármála fyrir dómstólum, m.a. að því er að gagnaöflun lýtur, enda ekki komin löng reynsla á meðferð forsjármála fyrir dómstólum. Er enginn vafi í huga undirritaðrar að rit Sigríðar hlýtur að teljast grundvallargagn í allri framtíðarumræðu um forsjármál og hvernig breytinga er þörf til að tryggja sem best hagsmuni þeirra barna, sem verða bitbein foreldra í forsjármálum. Skiptir gagnaöflun þar mjög miklu máli og hvernig að henni er staðið.

Er rétt að lokum að óska Sigríði til hamingju með útgáfu rits þessa og lýsa þakklæti fyrir framtak hennar.

eða hvort einkarétturinn gildi einnig í þeim tilvikum þegar seld væru hlutabréf í fyrirtæki, t.d. meiri eða minnihluti þeirra.

Þá gerði laganefndin nokkrar at-  
hugasemdir um ákvæði um starfs-  
ábyrgðartryggingu fasteignasala, en  
í frumvarpinu er gert ráð fyrir að  
löggesta skyldu fasteignasala til að  
kaupa slíka tryggingu, er bæti tjón  
sem valdið er af gáleysi eða ásetningi.  
Benti laganefndin m.a. á að í  
þeim tilvikum, sem löggjafinn hefur  
mælt fyrir um tryggingarskyldu ein-  
stakra starfsstétta, skorti á samræm-  
ingu og heildaryfirsýn. Þannig nái  
starfsábyrgðartryggingar sumra  
stétta einungis til einfalds gáleysis,  
annarra stétta til einfalds og stór-  
felflds gáleysis og enn annarra til gá-  
leysis- og ásetningsverka.

### Frumvarp til laga um breytingu á tekju- og eignarskattslögum

Laganefnd hefur nýlega sent frá sér umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í umsögninni er m.a. lagst gegn tillögu í frumvarpinu um

að heimila innheimtuaðilum ríkissjóðs, sveitarfélaga og opinberra stofnana aðgang að fasteignaskrá, auk aðgangs að skipaskrá og ökutækjaskrá, sem þessi innheimtuaðilar sem og aðrir kröfuhafar í landinu hafa aðgang að. Er hér átt við leit að eignum manna, sem skráðar eru á kennitölur þeirra. Sú röksemd var færð fram fyrir breytingartillögunni, í greinargerð með frumvarpinu, að innheimta skatta væri að mörgu leyti ólík annarri kröfuinnheimtu. Einkum væri stofnun skattkröfu með sérstökum hætti, þar sem hún stofnaðist með einhliða, lögbundinni ákvörðun stjórnvalda. Hið opinbera hefði því engin tækni á að tryggja fullnustu kröfunnar við stofnun hennar, ólíkt t.a.m. þegar um lánveitingar væri að ræða. Þá þætti breytingartillagan, ef hún næði fram að ganga, stuðla að fækkun gjaldþrota í landinu.

Laganefnd lagðist eindregið gegn þessari tillögu um breytingu á lögum, eins og hún var sett fram í frumvarpinu. Taldi nefndin að ef tillagan yrði samþykkt hefði hún í för með sér mikla mismunun milli

kröfuhafa, eftir því hvort þeir væru ríkissjóður, sveitarfélög eða opinberar stofnanir annars vegar eða allir aðrir kröfuhafa hins vegar. Bryti hún þannig gegn því jafnræði, sem ríkja ætti þegar kröfuhafar leituðu fullnustu krafna sinna hjá þar til bærum embættum. Ef sú meginröksemd fyrir tillögunni, að hið opinbera gæti ekki tryggt fullnustu skattkrafna fyrirfram, teldist eiga rétt á sér, hlyti hún jafnframt að gilda um allar þær kröfur, sem stofnuðust utan samninga. Þá gat laganefndin heldur ekki fallist á þann þátt í röksemdinni, að breytingin kynni að stuðla að fækkun gjaldþrota. Það markmið, að fækka gjaldþrotum í þjóðfélaginu, væri ekki röksemd fyrir þeirri mismunun, sem ráðgerð var með breytingartillögunni. Nefndin benti á, að ef löggjafinn teldi heppilegt að kröfuhafar hefðu heimild til að leita í fasteignaskrá að eignum einstakra skuldara, eftir kennitölum þeirra, mætti hugsanlega breyta og rýmka heimildir í 64. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, þó þannig að allir sætu við sama borð í þessum efnun.



## Um málaskrá Hæstaréttar o.fl.

### Málaskrá Hæstaréttar

Margir hæstaréttarlögmenn hafa kvartað undan því að við gerð málaskrár Hæstaréttar virðist ekkert tillit tekið til þess hver flytji málin. Þannig hefur það ítrekað komið fyrir að sömu lögmennirnir lendi í málflutningi í Hæstarétti nánast dag eftir dag. Dæmi eru um að lögmenn hafi þurft að flytja 11 mál á þremur vikum. Þá hafa a.m.k. fjórir lögmenn lent í því að vera boðaðir í málflutning í báðum dómstöfum á sama tíma. Enda þótt íslenskir hæstaréttarlögmenn láti sér ekki allt fyrir brjósti brenna er ljóst að þeir geta ekki verið á tveimur stöðum samtímis.

Fulltrúar frá Lögmannafélaginu áttu fyrir skemmstu fund með forseta Hæstaréttar, Haraldí Henrýssyni, vegna þessa máls meðal annarra. Fram kom hjá forsetanum að það væri mikið og erfitt verk að setja saman málaskrárnar. Meðan málalinn var sem lengstur hjá réttinum var reynt eftir megni að setja málin í flutning í nokkurn veginn þeirri röð, sem þau voru tilbúin til flutnings. Málalinn hefur styst allverulega, þannig að nú er tæplega árs bið eftir að mál komi

fyrir í fimm manna dómi, en ekki nema 2-4 mánaða bið í þriggja manna dómnum. Meira svigrúm væri því til að flytja mál til á málaskránni, þannig að málflutningi væri dreift jafnar á lögmenn. Þá hefur nokkuð borið á því að lögmenn tilkynni ekki væntanlegar fjarvistir sínar með góðum fyrirvara. Þannig er nokkuð um það, að lögmenn hringi þegar málaskráin er komin út og óski eftir breytingum vegna fjarveru sinnar. Það er aldrei hægt að tryggja að Hæstaréttur viti nákvæmlega um allar fjarvistir lögmanna en mikilvægt er að hæstaréttarlögmenn, sem eiga von á að mál þeirra komi fljótlega í flutning, tilkynni Hæstarétti væntanlegar fjarvistir sínar með eins góðum fyrirvara og hægt er.

Forseti Hæstaréttar lofaði að gerð málaskrár yrði skoðuð hjá réttinum og reynt að koma til móts við óskir lögmanna að þessu leyti, þannig að málflutningur yrði ekki of þétt hjá þeim.

### Nafngreining málflytjenda í dómaendurrítum

Fulltrúar L.M.F.Í. gerðu einnig að umtalsefni dómaendurrít réttarins,

sem félagið fær mánaðarlega og dreifir meðal áskrifenda. Mörgum hefur þótt vanta í dómaendurrítin nöfn þeirra lögmanna, sem flytja málin. Þegar t.d. Hæstaréttur staðfestir dóm héraðsdóms, með vísun til forsendna hans, þyrftu þeir, sem dómaendurrítin lesa, oft að leita í héraðsdómminn. Ef lögmenn í viðkomandi máli væru nafngreindir væri auðvelt fyrir aðra að hafa samband við annan hvorn þeirra til að fá afrit af héraðsdómnum. Samkvæmt upplýsingum, sem borist hafa eftir fundinn, munu frá og með næstu áramótum nöfn lögmanna verða tilgreind í dómaendurrítum Hæstaréttar.

### Málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti

Þá gerðu fulltrúar L.M.F.Í. grein fyrir óánægju margra lögmanna, sem væru að reyna að ná sér í prófmál fyrir Hæstarétti. Um væri að ræða atvinnuréttindi manna og þeim fyndist mjög á brattan að sækja með að útvega prófmál. Erfitt væri að biðja hæstaréttarlögmenn að láta sig hafa prófmál og einnig hafnaði rétturinn ítrekað umsóknnum manna um prófmál. Mál þetta var rætt frá ýmsum hliðum. Meðal annars var bent á möguleikann á því að lögmenn rökstyddu sérstaklega umsóknir sínar um prófmál. Einnig að rétturinn gæfi út ákveðnar leiðbeiningarreglur til lögmanna, en ýmsar þjóðsögur eru í gangi um hvaða mál séu líkleg sem prófmál og hver ekki, svo og hvaða meðferð umsóknir fá. Niðurstaðan af þessum umræðum varð sú að félagið mun rita Hæstarétti bréf, þar sem þessi sjónarmið eru reifuð og mun mál-efnið síðan verða tekið þar fyrir á dómara fundi.

## Auka-aðalfundur 15. desember 1944

„Þeir, sem muna þá daga, er félagið hóf göngu sína, hafa skýrt svo frá, að sá hafi þá verið báttur málflutningsmanna, að torvelda hver öðrum störfun sem mest. Litil-fjörlegir formgallar, t.d. ef innsigli stefnuvotta vantaði undir birtingarvottorð, voru notaðir til þess að málum yrði vísað frá dómi. Mót-mæli gegn umbodi þóttu sjálfsögð og ekki þótti ástæða til að mæta í nokkrum rétti án stefnu og fyllsta stefnuvrests. Ef til vill er þetta eitt-hvað orðum aukið, en það mun ekki vera mikið. Sama er að segja um orðbragðið í sóknar- og varnarskjölum. Mikill bluti þeirra voru persónulegar meiðingar, háð og hótfyndni. Er sagt að þessi venja í öllu orðbragði væri orðin svo rík, að almennigur hafi varla talið mál sómasamlega flutt, nema málflutningsmennirnir væru sektaðir fyrir meiðyrði. Og ósektaður málflutningsmaður átti fárra skjólstæðinga vö.“

„Þess ber að gæta, að þegar félagið var stofnað og lengi fram eftir árum þess litu flestir á málflutningsstarfið sem bráðabirgðastarf, er blaupið var í og baslast við - oft ásamt nokkrum óskildum störfum -, þar til lífvænlegra og öruggara lífsstarf bauðst. Af þessu sjónarmiði leiddi að festan í starfi félagsins og tilfinning félagsmanna fyrir sameiginlegum heiðri og hagsmunum blaut að verða minni en ella. ... Við vöggu þess var því naumast hægt að láta sig dreyma um að það væri til nokkurra stórræða fætt.“ (Málflutningsmannafélag Íslands 25 ára - Theodór B. Línal)

Þannig er ástandinu lýst hjá þeim lögfræðingum, sem stunduðu málflutningsstörf um það leyti sem

Málflutningsmannafélag Íslands var stofnað árið 1911, fyrir 85 árum síðan. Óhætt er að segja að sitt-hvað hafi breyst frá þessum tíma, bæði að því er félagið sjálft varðar og lögmennastéttina sem slíka. Ekki er hér ætlunin, að rekja sögu félagsins og stéttarinnar í 85 ár, þótt fyllilega sé tímabært að huga að slíkri söguritun. Hins vegar getur verið fróðlegt að staldra við einhvers staðar á löngum starfstíma félagsins og sjá um hvað var fjallað á fundum þess fyrir á öldinni. Fyrir valinu hefur orðið að birta fundargerð frá lýðveldisárinu, 1944, nánar tiltekið fundargerð framhalds-aðalfundar félagsins, þess þriðja í röðinni á því ári auk venjulegs aðalfundar, en fundur þessi var haldinn 15. desember það ár. Á þessum fundi var samþykktum félagsins breytt og þar á meðal heiti félagsins breytt í núverandi heiti. Auk þess var á fundinum fjallað nokkuð um aðstöðu dómstólanna, en bætt kjör dómara og starfsaðstaða þeirra hefur frá öndverðu verið eitt af hugðarefnum lögmennastéttarinnar í landinu.

### Úr gerðarbók L.M.F.Í.:

Ár 1944, föstudaginn 15. desember var auka-aðalfundur M.F.Í. settur að Hótel Borg. Formaður setti fundinn og kvaddi til sem fundarstjóra Ingólf hdl. Jónsson, en hann skipaði Bjarna Bjarnason fundarritara.

Fundarstjóri rannsakaði fundarboðið og reyndist fundurinn löglega boðaður.

Fyrst lá fyrir frumvarp til samþykka félagsins, eins og það var samþykkt á fundi 6. þ.m.

Einar B. Guðmundsson, hrl., kvaðst telja rangt að breyta nafni félagsins svo og að fella niður 3.

mgr. 17. gr. laganna frá 1941.

Sigurður Ólason hrl. taldi ástæðulaust fyrir félagið að hafa afskipti af skrifstofutíma félagsmanna og a.m.k. veita þeim, sem sérstaklega stæði á fyrir heimild til fráviks. Loks kvaðst og mótfallinn nafnbreytingu.

Formaður kvað nafnbreytingu rétta skv. lögum tungunnar og landslögum, enda þýddi orðið málflutningsmenn nú „Lommeproskuratörer“ skv. lögum. Þá kvað hann óþarft að taka í samþykktir félagsins refsheimild landslaga. Loks kvað hann ákvæðið um lokunartíma sett í samþykktir til að koma í veg fyrir óheiðarlega samkeppni.

Sigurður Ólason, hrl., kvaðst ekki þekkja til óheiðarlegrar samkeppni meðal félagsmanna þótt skrifstofutími þeirra héldist óbreyttur og þar fram svohljóðandi brttill. við 4. gr. frv.:

„Greinin orðist svo: Félagsmenn skulu hafa góða samvinnu sín á milli og fylgja sömu reglum um borgun fyrir störf sín.“

Fundarstjóri bar nú undir atkvæði ... (hér er sleppt upptalningu á hvernig atkvæði féllu um einstaka greinar).

Nú bar formaður fram till. samhljóða fyrgreindri brt.till. Sig. Ólasonar, er yrði 4. gr. samþ. og breyttist greinatalan aftur samkvæmt því. Tillagan var samþ. með öllum atkv. og frv. í heild svo breytt samþ. með öllum atkvæðum sem: Samþykktir Lögmannafélags Íslands.

Var þá tekið fyrir næsta mál á dagskrá: gjaldskrárbreytingar.

Lagt var fram frumvarp nefndar þeirrar, sem kjörin var á síðasta fundi til að samræma framkomnar brt.till. Umræður urðu engar og var þegar gengið til atkvæða. (Hér er

### Frá ritstjóra og ritnefnd:

## Aðsendar greinar

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmanna. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að aðsendar greinar kæmu bæði prentuðu formi og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þá þarf helst ljósmynd af greinarhöfundum að fylgja.

sleppt hvernig atkvæði féllu um einstaka greinar).

Nefndin féll frá orðunum: Gjaldskrá - bindandi.

Viðbótarákvæðin voru samþ. með öllum atkv. og frv. í heild sem: Lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Var því næst tekin til meðferðar tillaga laganeftar um lokunartíma á skrifstofum.

S. Ólason bar fram brt.till. um að lokað skyldi eigi síðar en kl. 6 og á laugardögum að jafnaði kl. 2 og var sú tillaga samþ. með 9:1 atkv. Tillaga laganeftar svo breytt var felld með 7:2 atkv.

Tillaga stj. um að hækkun félagsgjalds skyldi ná til 1944 var felld með 8:8.

Tillaga stj. um að skora á alþingi að setja heildarlög um meðferð opinberra mála var samþykkt með öllum atkv. *(Tillaga var þannig: „Aðalfundur Málflutningsmannafélags Íslands skorar á ríkisstjórnina og alþingi að setja nú þegar heildarlög um meðferð opinberra mála, er ferri bana í nútíma-horf.“)*

Tillaga stj. um húsgagnaskipan í hæstarétti kom næst til umræðu. *(Tillagan var þannig: „Aðalfundur Lögmannafélags Íslands, baldinn 15. desember 1944, skorar á dómsmálaráðuneytið að láta framkvæma breytingu þá á húsgagnaskipun í dómþingsal hæstaréttar, sem stjórn félagsins lagði til 29. apríl 1942 og þá hlaut meðmæli dómstólsins.“)* Formaður talaði fyrir henni, skýrði drátt þann, er orðið hefir á framkvæmd málsins og lýsti hinni hugsuðu tilhögun: að hafa afstöðu dómara og lögmanna líka og á bæjarþingi.

Einar B. Guðmundsson taldi breytingu sem þessa draga úr líkum til bættra kjara dómstóla og byggingar dómhallar.

Sig. Ólason nefndi fyrrum fyrirhugaða aukningu húsnæðis hæstaréttar og kvað hana góða lausn.

Formaður taldi brt. nauðsyn eins og á stæði og kvað enga hættu á að hún tefði fyrir framkvæmdum

stórræða, sem hvort sem er væri engar horfur á, að kæmust í framkvæmd, meðan núlifandi menn væru uppi.

Egill Sigurgeirsson tók nokkuð í sama streng og Einar og Sigurður.

Tillaga stj. samþ. með 7:5.

Tillaga stj. um málflutningspróf og niðurfall allra undanþágna var frestað.

Loks var kjörin gjaldskránefnd og hlutu þessir kosningu: Einar B. Guðmundsson, Sigurgeir Sigurjónsson og Ágúst Fjeldsted. Varann voru kjörnir Egill Sigurgeirsson, Vagn Jónsson og Gunnar Möller.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið.

Ingólfur Jónsson (sign.)

Bjarni Bjarnason (sign.)

-----

Það má geta þess hér, vegna umræðna á þessum auka-aðalfundi félagsins um byggingu dómhallar fyrir Hæstarétt, að nýlega létust tveir þeirra lögmanna, sem sátu fundinn, Egill Sigurgeirsson, hrl. (í mars á þessu ári) og Sigurgeir Sigurjónsson, hrl. (á síðasta ári), mjög sennilega síðastir fundarmanna. Það má því segja að formaðurinn, Magnús Thorlacius, hrl., hafi ekki skotið langt frá marki þegar hann taldi engar horfur á að hugmyndir um byggingu dómhallar fyrir Hæstarétt Íslands „kæmust í framkvæmd, meðan núlifandi menn væru uppi“, hafi hann með orðunum „núlifandi menn“ átt við þá sem sátu fundinn.

Breytingarnar á heiti félagsins, úr Málflutningsmannafélag Íslands í Lögmannafélag Íslands, áttu sér nokkurra ára aðdraganda. Þegar félagið var stofnað hafði reyndar komið fram sú tillaga þá þegar að heiti félagsins skyldi vera Lögmannafélag Íslands, en sú tillaga náði þá ekki fram að ganga. Á árinu 1941 voru ræddar innan félagsins tillögur um breytingar á sam-

þykktum þess, þar sem m.a. var gert ráð fyrir breytingum á starfsheitum félagsmanna í héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður, en þáverandi starfsheiti voru héraðsdómsmálflutningsmaður og hæstaréttarmálflutningsmaður. Tillögur þessar voru ræddar á stjórnarfundum 25. nóvember 1941 og samþykktar í einu hljóði á auka-aðalfundi 26. nóvember og aftur á auka-aðalfundi félagsins 18. desember 1941. Lögum samkvæmt þurfti staðfestingu dómsmálaráðherra á samþykktum félagsins, eftir áður nefndar breytingar, og fékkst sú staðfesting með bréfi, dags. 8. janúar 1942. Segja má að frá og með þeim degi hafi hin nýju starfsheiti, héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður, öðlast formlega viðurkenningu. Í framhaldi þar af beindi stjórnin því til félagsmanna að þeir breyttu titlum sínum í samræmi við samþykktir félagsins. Síðar á því ári voru samþykkt lög nr. 61/1942, um málflytjendur, þar sem lögfestar voru þessar breytingar á starfsheitum lögmanna.

MM

# Af Merði lögmanni

Merði var stundum boðið í svokölluð hrl-teiti. Hann hafði litla ánægju af þeim hin seinni ár. Hann fór þó af skyldurækni við gamla lagadeildarfélag, sem náðu þessum áfanga hver á fætur öðrum. Á þessum samkomum var allt svart af lögmönnum, sem ræddu áhugamál sín. Golfararnir ræddu forgjöf og fugla, jeppaeigendur hnykkluðu vöðvana hver framan í annan og ræddu hina fjórholuðu félagu sína. Verstir voru þó þeir, sem tilheyrðu hinum nýja, en örtvaxandi hópi göngumanna. Þessir lögmenn eyddu sumarfríum sínum í að hlaupa upp um fjöll og fyrnindi. Þessir lögmenn notuðu hanastélsboð til að bera saman gönguleiðir og fjallatoppa, segja sögur af aftakaveðrum, sem þeir höfðu lent í en hjargast úr fyrir mikið harðfyllgi, og bjargað hópum eldri borgara frá því að verða úti í leiðinni. Þeir, sem þróaðastir voru af þessum göngumönnum, voru að skipuleggja gönguferðir yfir Grænlandsjökul fyrir fimmtugt. Einstaklega þekkilugar voru umræður um „gastrónómískar“ afleiðingar rúgbrauðsneyslu í lengri ferðum. Þetta fólk fór virkilega í taugarnar á Merði, sem flýtti sér yfirleitt að ljúka úr kókglasinu og koma sér heim úr þessum boðum.

Verst við þessi boð var að þau minntu Mörd á þá staðreynd, að hann átti enn langt í land með að ljúka þessum áfanga, hæstaréttarlögmannsprófrauninni. Það var ekki fyrir það að hann hefði ekki reynt. Honum hafði gengið illa að fá lánuð prófmál hjá hæstaréttarlögmönnum. Þegar Mördur náði símsambandi við hans hátign hæstaréttarlögmanninn, voru yfirleitt 14 aðrir héraðsdómslögmenn búnir að tala við lögmanninn á undan honum. Mest kom honum á óvart hversu margir viðskiptavinir hæstaréttarlög-

manna voru á móti því að láta nota málin sín sem tilraunaverkefni fyrir héraðsdómslögmenn. Hann hafði sótt um samtals 27 mál. Aðeins eitt þeirra hafði hlotið náð fyrir augum Hæstaréttar og verið samþykkt sem prófmál. Það skelfilega gerðist þá að sættir tókust með aðilum málsins og málið var fellt niður. Merði lá þungur hugur til Hæstaréttar út af þessu. Þeir hefðu alveg mátt dúsa áfram í fúkkalyktinni í gamla húsinu, hans vegna. Honum virtist sem rétturinn tæki geðþóttaákvæðanir í þessum málum. Þannig virtist engu skipta hvort ágripið væri þykkt eða þunnt, háar eða lágar fjárhæðir, prófmál eða ekki í héraði, einhverjar þokukennar sögusagnir voru á kreiki um hvernig fyrsta prófmál ætti að vera, og allt aðrar kröfur væru gerðar til þriðja prófmáls en annars.

Mördur var búinn að gefast upp á að sækja um prófmál. Hann var reyndar kominn með punga-prófið og flutti mál á 40 mála reglunni í Hæstarétti. Hann taldi sig gera það nokkuð vel, enda þótt dómara horfðu oft geðvonskulega á hann þegar hann fór á hvað mest flug í málflutningnum. Verst þótti Merði að nú áttu þeir lögmenn, sem hann hafði fengið lánuð mál hjá, hönk upp á bakið á honum, enda þótt málin hefðu ekki verið samþykkt. Þannig hafði einn lögmaður minnt hann á það um daginn að hann hefði lánað honum prófmál, þegar Mördur var í flóknum samningaviðræðum við hann fyrir einn skjól-stæðing sinn.

Mördur er hættur að sækja um prófmál, hann berst núna fyrir því að lögum um málflytjendur verði breytt þannig að menn öðlist rétt til málflutnings fyrir Hæstarétti eftir að hafa flutt 50 mál í héraði og að titillinn hæstaréttarlögmaður verði

## Endurrit hæstaréttardóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620.



# Merki Lögmannafélags Íslands

Á almennum félagsfundum Lögmannafélags Íslands, sem haldinn var föstudaginn 10. maí s.l., var m.a. á dagskránni að fjalla um hugmyndir að merki fyrir L.M.F.Í. og greiða atkvæði um þá tillögu að merki, sem áður hafði verið kynnt, m.a. í Lögmannablaðinu og á aðalfundi í mars. Tillagan var samþykkt og hefur félagið

því nú eignast merki í fyrsta sinn í 85 ára sögu þess. Eins og fram kemur í 2. tölublaði Lögmannablaðsins á þessu ári er hugmyndin að merkinu sótt í gamalt tákn fyrir stjórnmerkið Vogina, en vugin hefur í þúsundir ára verið tákn fyrir réttlæti og óhlutdrægni. Gísli B. Björnsson, grafískur hönnuður, sá um hönnun merkisins og út-

færslu þess. Merkið mun smám saman verða tekið í notkun á hinum ýmsu prentgripum félagsins og mun þannig og með öðrum hætti verða notað til að auðkenna L.M.F.Í.

Hér að neðan má sjá hvernig merkið kemur fyrir á bréfsefni félagsins, umslögum og nafnspjöldum.



Det Islandske Advokatsamfund  
The Icelandic Bar Association



Álftamýri 9, 108 Reykjavík • Sími (telephone): +354-568-5620 • Bréfsími (telefax): +354-56-7057 • Netfang (E-mail): lmfi@tv.is



Sigurvegavar í innanhússmóttinu, lið Grínarafélagsins: Jóhannes A. Svevarsson, Smári Hilmarsson, Þórður H. Sveinsson, Elfar Rúnarsson, Bergþór Magnússon.

## Knattspyrna innan LMFÍ

### Innanhússmót 9.-10. maí

Þann 9.-10. maí sl. fór fram öðru sinni innanhússmót L.M.F.Í. í knattspyrnu. Að þessu sinni tilkynntu 11 lið þátttöku og þurfti því að spila mótið á 2 dögum. Fyrri riðillinn fór fram fimmtudaginn 9. maí og kepptu þar 6 lið. Varð lokastaðan í riðlinum sú að Þruman varð í efsta sæti með 8 stig og Grínarafélagið varð í öðru sæti með sama stigafjölda, en sú regla gildi í þessu móti að ef lið yrðu jöfn að stigum þá gildi innbyrðis viðureign liðanna. Í þriðja sæti var MSM (Mörkin skorar mörkin), með 7 stig, SSTM-1 í fjórða sæti með 3 stig, Suðurnesjamenn í því fimmta með 2 stig og AM í sjötta og síðasta sæti með 2 stig.

liðsins. Vestur-landslíðið hafði þegar tryggt sér sæti í úrslitum, en lið Kumlverja varð að sigra í leiknum til að komast áfram, á kostnað sigurveggaranna frá því á síðasta ári, Reynslu og léttleika. Fór svo að Kumlverjar sigruðu í leiknum með þremur mörkum gegn tveimur og var sigurmarkið skorað á síðustu andartökum leiksins.

Úrslitin í riðlinum urðu annars þessi:

1. Kumlverjar	6
2. Vestur-landslíðið	6
3. Reynsla og léttleiki	5
4. SSTM-2	2
5. Réttlætið	1

Í undanúrslitum mættustu lið Þrumunnar og Vestur-landslíðsins annars vegar og lið Kumlverja og Grínarafélagsins hins vegar. Vestur-landslíðið sigraði Þrumuna með

einu marki gegn engu og Grínarafélagið sigraði Kumlverja með tveimur mörkum gegn einu.

Um 3ja sætið léku því tapliðin úr þessum leikjum, Kumlverjar og Þruman. Þessi leikur var æsispennandi og þurfti framlengingu til að knýja fram úrslit en lið Kumlverja sigraði 4-3. Má segja að þeir Kumlverjar hafi komið mest á óvart allra liða á móttinu.

Til úrslita í keppninni léku lið Grínarafélagsins og lið Vestur-landslíðsins og sigraði lið Grínarafélagsins með einu marki gegn engu.

### Utanhússmót 27. september

Föstudaginn 27. september fór síðan fram í annað skipti meistaramót L.M.F.Í. í utanhússknattspyrnu og var mótið haldið á gervigras-




*Sigurvegari í utanbússmóttinu, lið Reynslu og léttleika, efri röð frá vinstri: Ásgeir Á. Ragnarsson, Jón Ármann Guðjónsson, Grétar Jónasson, Bjarki Diego, Andri Arnason; fremri röð: Jóhannes B. Björnsson, Gunnar Jakobsson, Jón Steinar Gunnlaugsson.*

vellinum í Laugardal. Sex lið mættu til leiks og urðu úrslit þau að Reynsla og léttleiki, sigurvegari síðasta árs, endurtók þann leik og sigraði í móttinu með 12 stigum. Í öðru sæti varð Grínarafélagið á Mörkinni með 11 stig, Revenge ltd. í því þriðja með 10 stig, Þruman í fjórða sæti með 5 stig, Kumlverjar í fimmta sæti með 3 stig og SSTM í sjötta og síðasta sæti með 1 stig.

Ljóst er að almennur áhugi er hjá félagsmönnum fyrir keppnum þessum og verður því vonandi framhald á næstu árin.

*Fb. mótanefndar  
Smári Hilmarsson, bdl.*

*Á utanbússmóttinu í fyrra vakti lið Kumlverja ekki einungis atbygli fyrir lífran leik og léttu lund heldur, og ekki síður, fyrir verndara liðsins, Ævar Skriðdal, sem hér sést meðal Kumlverja (það er Ævar sem liggur á bekknum).*



# *Fjárvörslu- reikningur lögmannna*

Í kjölfar laga nr. 24/1995 um fjárvörslur lögmannna býður Íslandsbanki tékkareikninga og sparireikninga sem eru sérsniðnir að þörfum lögmannna. Engin færslugjöld eru tekin af þessum reikningum, þeir eru alltaf lausir og að auki fara vextir á sparireikningunum stighækkandi eftir því hve lengi hvert innlegg liggur inni.

Hægt er að tengja reikningana við Skjálínu Íslandsbanka.

Kynntu þér málið í næsta útibúi Íslandsbanka!

  
ÍSLANDSBANKI



# Greiðsluþjónusta

Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis

**Að komast upp á  
lagið með fjármálin.**



Sparisjóðurinn býður þér nú Greiðsluþjónustu, sem er þægileg og örugg leið í fjármálum þínum og heimilisins. Greiðsluþjónustan er fjölpætt þjónusta sem kemur lagi á fjármál ólíkra viðskiptavina sparisjóðsins.

Greiðsluþjónustan sparar þér tíma og fyrirhöfn, skilvís greiðsla reikninga verður í takt við útgjöld sem hægt er að jafna yfir árið ef þess gerist þörf. Þessi þjónusta hentar þeim sem leiðist að standa í biðröðum um hver mánaðamót og láta reikninga ekki slá sig út af laginu.



**SPARISJÓÐUR**  
REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS  
*-fyrir þig og þína*